

Nd.

277. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á rafvirkjun til almenningsþarfa í Vestur-Skaftafellssýslu.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara hið fyrsta rækilega athugun á því, hvernig best megi koma í framkvæmd allsherjar rafvirkjun í sveitum Vestur-Skaftafellssýslu, og hvort hagkvæmara muni, að þessi sýsla verði tengd við aðalrafvirkjunarstöðvar Suðurlandsins eða fallvötn virkjuð til almenningsþarfa í sjálfu héraðinu eða í nánd við það.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, fer nú fram í milliþinganefnd og hjá rafmagnseftirliti ríkisins rannsókn á tilhögun á allsherjar rafvirkjun í landinu, einkanlega miðað við, hvernig leiða megi rafmagn frá hinum stóru fallvötnum, sem þegar er byrjað að virkja, svo sem Soginu sunnanlands og Laxárfossunum norðanlands. Er eðlilega enn þá óvíst, hversu víðtækt slíkt kerfi gæti orðið eða hvernig séð yrði fyrir fullnægging raforkuþarfa sem flestra landsbúa yfirleitt, samkvæmt tilgangi þeirra ákvæða, er Alþingi samþykkti á síðasta ári.

Í Vestur-Skaftafellssýslu er, eins og margir vita, fyrir löngu byrjað á einstaklingsvirkjun fallvatna til heimilisþarfa fyrir þau býli, er aðstöðu hafa haft til slíks, sem sérstaklega er í uppsveitum (fjallasveitum) sýslunnar. En eftir eru þó fjölmörg býli og einnig framsveitirnar austan Mýrdalssands, Meðailandið og Álftaverið, þar sem eigi eru fallvötn tiltæk til stærri virkjunar, eða a. m. k. möguleikar til hennar órannsakaðir. Sama er að segja um Mýrdalssveitirnar að miklu leyti, því að fossar eru þar af næsta skornum skammti, en sá hluti héraðsins er landfræðilega áframhald af Eyjafjallasveitunum, með hinum alkunnu fossunum, Skógafossi og Seljalandfossi, og liggja auk þess næstar sjálfu Suðurláglandinu, sem mun vera í ráði, að njóti að mestu leyti Sogsvirkjunar. Er mjög áriðandi, að allt þetta sé athugað í samhengi, svo að vel og haganlega verði komið fyrir öllum framkvæmdum hér að lútandi þegar í upphafi. Til þess að stuðla að því, að svo mætti verða, er til laga þessi borin fram.